

Jónas Guðnason  
Háskóli Íslands  
Askja - 136  
Sturlugötu 7  
101 Reykjavík



Reykjavík, 12. júní 2013  
Tilvísun: UST20130500162/mik

### **Efni: Umsókn um leyfi til sýnatöku inna Friðlandsins að Fjallabaki sumarið 2013.**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Jónasar Guðnasonar dags. 27. maí 2013 um leyfi til sýnatöku inna Friðlandsins að Fjallabaki sumarið 2013.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask er háð samþykki Umhverfisstofnunar.


Lýsing á framkvæmd: Markmið verkefnisins er að kortleggja útbreiðslu gjósku úr Heklugosinu 1845 og safna sýnum til frekari greiningar (kornastærð, kornagerð, lögun korna o.s.frv.). Sýnataka mun fara þannig fram að þar sem gjóska finnst þá er hún skröpuð úr jarðveginum. Oftast finnst hún í jarðvegsbörðum og því þarf lítið sem ekkert að grafa. Þar sem gróðurþekjan er mikil reynist nauðsynlegt að grafa. Þar sem gjóskan liggur tiltölulega hátt í jarðveginum lágmarkar það áhrif á gróðurþekjuna við gröft. Umfang sýnatöku er ekki mikið, tekin eru að jafnaði 100 gr. á hverjum stað og eru um 5-10 km á milli mælingastaða (fer eftir þykkt og eðli lagsins). Áætlaður fjöldi sýna sem safnað verður innan friðlýsta svæðisins er 8-12. Sýnum verður safnað innan alls friðlandsins þar sem talið er líklegt að gjóska finnist í jarðvegi. Sýnataka fer fram í júlí og/eða ágúst, fer eftir veðri. Rannsóknin er hluti af doktorsnámi umsækjandi í eldfjallafræði við Háskóla Íslands.


Umhverfisstofnun heimilar því fyrir sitt leyti ofangreinda framkvæmd með eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfið gildir fyrir júlí og ágúst 2013.
- Umsækjandi skal hafa bréf þetta meðferðis á meðan rannsóknir hans standa yfir á svæðinu.
- Hafa ber samband við starfsmann Friðlands að Fjallabaki, upplýsa hann um verkefnið og hvenær vinna við það hefst. Getur starfsmaður jafnframt veitt frekari upplýsingar um svæðið ef þörf er á. Símanúmer starfsmanns er 822-4034, netfang [ingibjorg@ust.is](mailto:ingibjorg@ust.is)
- Frávik frá ofangreindri verkefnislýsingu skal tilkynna til starfsmanns Friðlandsins að Fjallabaki
- Sýnafjöldi og magn skal takmarkaður við ofangreinda rannsókn.
- Öllu raski við sýnatökuna skal haldið í algeru lágmarki og forðast að skerða gróður eftir því sem kostur er.

- Vanda skal frágang svæðis eftir sýnatöku og skal leita leiða til að ummerki eftir hana verði ekki sýnileg öðrum sem leið eiga um svæðið.
- Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá án endurgjalds eintak af öllum skýrslum og vísindagreinum umsækjanda, sem fjalla um rannsóknir innan svæðisins.
- Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 17. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, er bannað að aka vélknúnum ökutækjum utan vega.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

  
Þórdís V. Bragadóttir  
Sérfræðingur